

Nd.

693. Lög

til laga um friðun æðarfugla.

(Samþykkt í Nd. 3. september).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítreknn brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til visindalegra þarfa. Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.

Brot gegn þessu varða 5 krónu sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, alt að 200 krónum.

3. gr.

Frá 15. april til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

4. gr.

Frá 15. april til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $\frac{1}{4}$ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Brot gegn 3. og 4. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

6. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

7. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landar-

eign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

8. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

9. gr.

Sektir þær. sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $\frac{1}{3}$ í sveitar-sjóð, en að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns.

10. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.